

Ársskýrsla 2015

Hrafnseyri

Vetrarstarf

Í byrjun febrúar var haldinn fundur með nokkrum fulltrúum Háskóla Íslands, þeim Daða Má Kristóferssyni, forseta Félagsvísindasviðs, Ástráði Eysteinssyni þáverandi forseta Hugvísindasviðs og Guðmundi Hálfdanarsyni, núverandi forseta Hugvísindasviðs, sem einnig gegnir prófessorsembætti Jóns Sigurðssonar. Á fundinum var nemendum við Háskóla Íslands boðin þeim að kostnaðarlausu, dvöl á Hrafnseyri vor og haust til skrifta og lesturs. Einnig var því komið á framfæri, að Hrafnseyri væri fyrirtaks staður fyrir stutt námskeið og ráðstefnur sem kennarar skólans gætu notað sér að vild, að höfðu samráði við staðarhaldara. -Aðeins var einu sinni haft samband við staðarhaldara af þessu tilefni á árinu, þegar grennslast var fyrir um möguleika á að halda fund fyrir erlenda kennara á Hrafnseyri. Ekki varð af þeim fundi, og enn sem komið er hefur enginn nemandi óskað eftir að fá að dveljast á staðnum við skriftir eða lestur.

Um mánaðarmótin febrúar/mars, tók staðarhaldari þátt í vetrarnámskeiði Sumarháskóla Norðurlanda (Nordisk Sommeruniversitet), þar sem lögð var áhersla á starf í rannsóknarhóp um hugtakið „Affect“ (eða „áhrif“), eins og hann hefur gert undanfarin tvö ár.

Í byrjun mars var óskað eftir að Hrafnseyri tæki þátt í rannsóknarverkefni um eflingu á nýtingu náttúruafurða á Norðvesturhluta Íslands. Um er að ræða afurðir eins og þang, bleikjustofna í ám og vötnum, bláber, býflugnarækt, fullvinnslu afurð býla og ferðaþjónustu, en verkefnið verður unnið á vegum RORUM ehf. RORUM hefur á að skipa náttúruvísindamönnum (líffræðingum, dýrafræðingum og jarðfræðingum) með mikla reynslu á þessu sviði en vantaði í sinn hóp samfélagsfræðing (þ.e. staðarhaldara), sem gæti varpað ljósi á þær samfélagslegu hindranir og áskoranir sem kunna að felast í að nýta þessi hlunnindi. Í framhaldi af þessari málaleitan, var send inn umsókn til Byggðasjóðs þann 8. mars, þar sem óskað var eftir fjárveitingu til verkefnisins, en án árangurs í þetta skiptið. Ætlunin er að senda inn svipaða umsókn að ári liðnu, til að koma verkefninu á legg.

Í lok mars var vinnuflokkur Orkubús Vestfjarða við vinnu skammt frá Hrafnseyri við að laga rafmagnsstaura sem brotnað höfðu í óveðri sem geisað hafði dagana á undan. Starfsmenn tóku eftir að ekkert ljós var á Safni Jóns Sigurðssonar og höfðu því samband við staðarhaldara. Við eftirgrennslan kom í ljós að ekkert rafmagn var í húsinu og kalt var orðið inni – en þó ekki undir frostmarki. Tveir rafvirkjar sem staddir voru í Mjólkárverkjun uppgötvaðu að rafmagnshitakútur hússins var ónýtur og öryggi honum tengt hafði slegið út. Gert var við kútinn og hita komið aftur í húsið. Í byrjun apríl var Björgunarsveitin Björg í

Súgandafirði fengin til að fara með staðarhaldara til Hrafnseyrar á snjósleðum til að líta á aðstæður. Í ljós kom að lítill hiti var í húsinu að frátöldum hita frá rafmagnsöfnum í kapellunni, þar sem öryggi fyrir dælu sem dælir heitu vatni inn á ofnakerfið var brunnið yfir. Skipt var um öryggi og, hiti settur á húsið.

Um mánuði síðar, 6. maí, kom staðarhaldari í þriðja sinn að húsinu á Hrafnseyri köldu, því öryggi tengt hitavatnskútnum hafði slegið út. Kallað var á rafvirkja sem yfirfóru allar leiðslur tengdar hitakútnum og skiptu þeim upp, því í ljós kom að þær sem fyrir voru gátu ekki borið það álag rafmagns sem hitavatnskúturinn þurfti til starfsemi sinnar, sem varð síðan til þess að örygginu sló sífellt út.

Seinni hluti maímánaðar fór í undirbúning fyrir opnun staðarins, en fyrstu gestirnir komu þann 24. maí, er hópur 45 ellilífeyrisþega sótti staðinn heim. Einnig var farið með fyrrverandi prest Þingeyrarprestakalls á Hrafnseyri vegna bóka sem verið er að gefa út um kirkjur landsins, og staðarhaldari fór með sendiherra Indlands í kynningarferð um sjókvíaldi á Bíldudal. Staðarhaldari tók þátt í aðalfundi Háskólaseturs Vestfjarða þann 22. maí, þar sem ítrekaðar voru ábendingar um þá kennslumöguleika sem Háskólasetrinu stæðu til boða á Hrafnseyri í samvinnu við embætti prófessors Jóns Sigurðssonar prófessor í sagnfræði og staðarhaldara sem magister í mannfræði innan sinna vébanda. Einnig var sóttur fyrirlestur prófessors frá Cornell háskólanum í Bandaríkjunum í Háskólasetri Vestfjarða, en eftir fyrirlesturinn var farið með fyrirlesarann í sýningarferð um svæðið.

Sumarstarfsemin á Hrafnseyri

Vorið og sumarið var einstaklega kalt og þurrt og því voru tún á Hrafnseyri ekki slegin eins oft og undanfarin sumur, enda spretta lítil. Fyrsti sláttur hófst í slydduhraglanda þann 2. júní, en ystu túnin voru ekki slegin fyrr en í lok ágúst.

Safnið var á þessu sumri opið almenningi nokkru lengur en venja hefur verið, þ.e. 1. júní - 15. september, m.a. að beiðni ferðaskrifstofa á svæðinu, því þær áttu von á farþegum skemmtiferðaskipa fram í miðjan september. 4.200 gestir keyptu kaffi á þessu tímabili, og þar af voru 2.260 gestir sem skoðuðu safnið. Um 1.000 gestir í viðbót hafa sennilega heimsótt staðinn án þess að kaupa kaffi eða skoða safnið, og heildarfjöldi gesta sem heimsóttu Hrafnseyri í sumar hefur því verið **5.200 manns**.

Ferðaskrifstofur hófu skipulagðar ferðir á Dynjanda með viðkomu á Hrafnseyri með farþega af skemmtiferðaskipum sem komu á Ísafjörð, og voru þessar ferðir mikil búbot fyrir staðinn. Ein þessara ferðaskrifstofa vildi koma snemma í júní með farþega, en það reyndist ekki hægt þar sem vegurinn yfir heiðina var of blautur fyrir stór farartæki. Fjöldi Íslendinga sem skoðuðu safnið var hins vegar ekki mikill og mun þar sennilega vera veðrinu um að kenna sem - eins og fyrr segir - var mjög kalt og leiðinlegt.

Ljósleiðari og sjónvarpskaplar voru lagðir innan dyra í byrjun júní, en aðalvinna staðarhaldara í fyrri hluta júnímánaðar fólst sem endranær í að undirbúa Þjóðhátíðardaginn 17. júní.

Þjóðhátíðardagurinn 17. júní.



Hátíðarhöldin hófust eins og venjulega með messu í Hrafnseyrar kapellu þar sem sóknarpresturinn sr. Hildur Inga Rúnarsdóttir messaði. Á eftir voru kaffiveitingar í burstabæ og á palli utandyra.

Hátíðarræðan var flutt af Steinunni Stefánsdóttur, fyrrverandi formanni og núverandi varaformanni Kvenréttindafélags Íslands.

Þau ánægjulegu tíðindi urðu að Ísafjarðarbær ákvað að hin árlega útnefning bæjarlistamanns færi hér eftir fram 17. júní á Hrafnseyri, og var tilkynnt að Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir hafi hlotið þá tilnefningu fyrir árið 2015.

Hátíðinni lauk með útskriftarhátíð Háskólaseturs Vestfjarða sem haldin hefur verið á Hrafnseyri síðastliðin fimm ár, að viðstöddum dr. Eyjólf Guðmundssyni háskólarektor Háskólans á Akureyri, eins og undan farin ár. Kynnir hátíðarhaldanna var Guðmundur Hálfðanarson, sem gegnir embætti prófessors Jóns Sigurðssonar við Háskóla Íslands, og tónlist milli atriða var flutt af Kristni Níelssyni og dóttur hans Þórhildi Steinunni Kristinsdóttur ásamt undirleikaranum Tuuli Rähni. Þau fluttu lög m.a. eftir sr. Sigtrygg Guðlaugsson fyrrum skólastjóra á Núpi í Dýrafirði.

Einnig var opnuð sýning sumarsins sem að þessu sinni var unnin af listamanninum Unnari Erni Auðarsyni, en sýningin var opin allt sumarið á Hrafnseyri. Hestamannafélagið Stormur á Þingeyri var með hesta á staðnum og leiddi undir börnum sem vildu fara á hestbak. Loks ber að geta þess að Háskólasetur Vestfjarða bauð upp á ókeypis rútuferðir til Hrafnseyrar fyrir gesti frá Ísafirði í tilefni hátíðarhaldanna.



Þann 19. - 23. júní dvöldust níu nemendur frá Manitoba háskóla í Kanada við nám á Hrafnseyri undir leiðsögn tveggja kennara sinna, og létu mjög vel af dvölinni, en undanfarin mörg sumur hefur skólinn komið með nemendur á Vestfirði og m.a. tekið þátt í ráðstefnum og námskeiðum sem haldin hafa verið á Hrafnseyri. Nemendur kynntu síðan verk sín í Hrafnseyrarkapellu, þar sem flutt var tónverk auk ljóða og frásagna í máli og myndum, auk lítillar listsýningar.

Þann 25. júní vísiteraði Sr. Kristján Valur Ingólfsson Víglubiskup Skálholtsbiskupsdæmis Hrafnseyrarkirkju og Hrafnseyrarkapellu, ásamt sóknarprestinum á Þingeyri, Ingu Rut Rúnarsdóttur, Hreini Þórðarsyni sóknarnefndarformanni Hrafnseyrarsóknar og konu hans Hildigunni Guðmundsdóttur.

Í byrjun júlí dvaldist prófessor Kirsten Hastrup með fjölskyldu sína á Hrafnseyri í fáeina daga. Kirsten er sennilega einn kunnasti mannfræðingur Dana í dag og er Íslendingum að góðu kunn, því hún gerði vettvangsrannsókn sína á 8. áratug síðustu aldar á Rifi á Snæfellsnesi og Hala í Suðursveit.

Fornleifarannsóknir á Hrafnseyri og Auðkúlu.



Þrír fornleifafræðingar undir forystu Margrétar Hallmundsdóttur frá Náttúrustofu Vestfjarða komu í lok júní og dvöldust í mánaðartíma á Hrafnseyri við fornleifarannsóknir. Í ljós kom að á Hrafnseyri og Auðkúlu hefur verið stunduð kola- og járnvinnsla af krafti á landnámsöld, en áður höfðu Margrét og félagar fundið jarðhýsi á Hrafnseyri frá 10. öld við rannsóknir sínar.

Dagana 18. og 19. júlí var haldinn opinn fornleifadagur á Hrafnseyri, þar sem Margrét og hennar fólk sýndu gestum fornleifauppgröft sinn og útskýrðu líf forfeðra okkar á staðnum.

Afrakstur rannsóknarinnar var svo kynntur á ráðstefnunni „Fornleifar á Vestfjörðum“ sem haldin var á Hrafnseyri þann 8. ágúst, m.a. með þátttöku fyrirlesara frá Þjóðminjasafni

Íslands, Rannsóknarsetri Háskóla Íslands á Vestfjörðum, Minjastofnun, Fjórðungssambandi Vestfjarða og Fornminjafélagi Súgandafjarðar auk Náttúrustofu Vestfjarða (sjá: http://hrafnseyri.is/rannsoknir/Fornleifarannsoknir_a_Vestfjordum/).

Fundarhöld.

Haldnir hafa verið fundir með ýmsum aðilum á árinu vegna hugmynda um verkefni sem talið er mögulegt að framkvæma ýmist á Hrafnseyri eða með aðkomu Safns Jóns Sigurðssonar.

Haldin var fundur 3. nóvember með Margréti H. Hallmundsdóttur fornleifafræðingi hjá Náttúrustofu Vestfjarða, en hún hefur áhuga á að skoða betur lautina í túninu á Hrafnseyri, þar sem talið er að undirgöng úr bæ Hrafn Sveinbjarnarsonar hafi legið. Á fundinum kom einnig fram hugmynd um að gera upplýsingarspjöld um miðaldabæinn, kirkjuna og kirkjugarðinn á Hrafnseyri, sem sett yrðu upp við austurenda trépallsins sem er næst þeim stað þar sem hún og félagar hennar hafa verið að grafa undanfarin sumur. Einnig væri mögulegt að bæta við sýninguna inni í safnhúsi með glerskáp, þar sem hlutir sem hún hefur grafið upp á Hrafnseyri yrðu sýndir.

Haldin var fundur 4. nóvember með Halldóri Árnasyni, stjórnarformanni Þjóðræknisfélagi Íslands, um möguleika á að kynna Hrafnseyri og Safn Jóns Sigurðssonar sérstaklega fyrir Vestur-Íslendingum.

Þá var haldin fundur 4. nóvember með Birnu Bjarnardóttur, en hún hefur sótt um styrk til Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða fyrir verkefni sem hún kallar „Bókmenntakort Vestfjarða“. Verkefnið fjallar um að skrásetja bókmenntasögu Vestfjarða, en mörg af lykilverkum íslenskra bókmennta eru sviðsett á Vestfjörðum, bæði í Íslendingasögum og íslenskum nútíma bókmenntum. Ætlunin er að kynna verkefnið á 17. júní á Hrafnseyri næsta sumar, en því til kynningar verður m.a. haldið alþjóðlegt málþing, efnt verður til upplestra höfunda, tónleika og fleiri spennandi atburða, sem að hluta til verða haldnir á Hrafnseyri og öðrum stöðum á Vestfjörðum.

24. nóvember áttu staðarhaldari og prófessor Guðmundur Hálfðanarson fund með Gísla H. Halldórssyni, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar. Efni fundarins var tillaga um að sett yrði á stofn heimasíða sem kallast „Sagnabrunnur“, þar sem fólk gæti sent inn sögur, sagnir og lýsingar af lífi fólks og atburðum héðan af svæðinu sem viðkomandi eiga í fórum sínum og vilja koma á framfæri við almenning. „Sagnabrunnurinn“ væri opinn öllum, þannig að allir gætu sent inn sögur og sagnir af lífi fólks hér á svæðinu og allir gætu lesið þessar sögur og sagnir sem safnast í Sagnabrunninn sér til ánægju, eða notað þær að eigin vild. Þannig ætti t.d. starfsfólk í ferðaþjónustu að geta notað slíkar sagnir eða brot úr þeim til kynningar fyrir ferðamenn á staðháttum, og gæti þannig gert dvöl viðkomandi ferðamanna áhugaverðari og skemmtilegri fyrir vikið. Þar sem um væri að ræða sögur og sagnir af norðanverðum Vestfjörðum sem yrðu öllum aðgengilegar var talið æskilegt að vefsvæði Sagnabrunnsins yrði aðgengilegt og hýst á

heimasíðu sveitarfélagsins, sem í þessu tilfalli er Ísafjarðarbær. Bæjarstjóri tók vel í þessa málaleitan og er þess vænst að þessi vefsíða verði að veruleika á árinu 2016.

- Aðkoma Safns Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri og prófessorsembætti Jóns Sigurðssonar að þessari hugmynd byggir á því að Jón Sigurðsson fjallaði ekki einvörðungu um pólitísk málefni líðandi stundar í skrifum sínum, heldur lét hann sig varða margvísleg efni bæði til sjávar og sveita, eins og rit hans um t.d. landbúnað og fiskveiðar bera vitni um. Sagnabrunnur eins og hér um ræðir fellur því vel að starfi hans og hugsunarhætti auk þess sem verkefni af þessu tagi sómir sér vel meðal þeirra mennta- og menningarverkefna sem starfsemin á Hrafnseyri beinist að.

Sumarháskólinn á Hrafnseyri

Málþing, námskeið og ráðstefnur

Líkt og undanfarin ár hefur staðarhaldari átt frumkvæði að og tekið þátt í ráðstefnum, málþingum, námskeiðum og rannsóknum. Þessi verkefni hafa m.a. verið unnin á vegum Sumarháskólans á Hrafnseyri í samstarfi við aðrar stofnanir, félagasamtök og einstaklinga, sem ýmist hafa verið haldin á Hrafnseyri eða annarsstaðar, jafnhliða því sem stofnanir og félagasamtök hafa óskað eftir að halda ýmsa viðburði á Hrafnseyri (samanber málstofuna „Fornleifar á Vestfjörðum“).

Meðal slíkra verkefna sem fram fóru árið 2015 má telja eftirfarandi atburði:

22. febrúar: Í byrjun árs var unnið að undirbúningi komu nemendanna á námsbraut í Menningarmiðlun við Háskóla Íslands og framkvæmd málstofunnar „*Menningar- og söguferðapjónusta á Vestfjörðum: Möguleikar og tækifæri*“ sem haldin var í Edinborgarhúsinu á Ísafirði í samvinnu við Prófessorsembætti Jóns Sigurðssonar við Háskóla Íslands, Menningarmiðlun Háskóla Íslands og Stofnun Rögnvaldar Á. Ólafssonar, Ísafirði. Um 30 manns sóttu málstofuna, sem var opin öllum. Var málstofan endapunktur á nokkurra daga vettvangsferð nemendanna til Vestfjarða, þar sem þeir kynntu sér hin ýmsu verkefni í menningar- og söguferðapjónustu svæðisins, bæði með heimsóknum í fyrirtæki og stofnanir, og með því að hlýða á fyrirlestra um verkefni hér á svæðinu - þar með talinn fyrirlestur staðarhaldara um Hrafnseyri.

8. ágúst: Málstofan „*Fornleifar á Vestfjörðum*“ var haldin á Hrafnseyri á vegum Sumarháskólans á Hrafnseyri, Náttúrustofu Vestfjarða og Prófessorsembættis Jóns Sigurðssonar, í samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands, Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum, Minjastofnun, Fjórðungssamband Vestfjarða og Fornminjafélag Súgandafjarðar.

19. september: „*Málþing um íslenskar ömmur*“ var haldið í Edinborgarhúsinu á Ísafirði í samstarfi Prófessorsembættis Jóns Sigurðssonar, Safn Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri og RIKK – Rannsóknarstofnunar í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands. Í ár eru hundrað ár liðin frá

Því konur fengu kosningarétt til Alþingis á Íslandi og af því tilefni stóð RIKK fyrir fyrirlestraröð sem helguð var íslenskum ömmum. Markmiðið var að segja sögur kvenna sem lifðu þann tíma þegar nútíminn hóf innreið sína á Íslandi í lok 19. aldar og á fyrri hluta 20. aldar, og varpa ljósi á framlag þeirra, stöðu og aðstæður. Fyrirlestrarnir voru gríðarlega vinsælir og því spratt upp sú hugmynd að flytja þá út fyrir höfuðborgina og halda málþing um sama efni á nokkrum stöðum um landið, þar á meðal á Ísafirði.

Um 30 manns sóttu málþingið, og hlýddu á fyrirlesarana Ármann Jakobsson, prófessor í íslenskum bókmenntum við Háskóla Íslands, Jónu Símoníu Bjarnadóttur, forstöðumaður Safnahússins á Ísafirði, Valdimar J. Halldórsson, mannfræðing og staðarhaldara á Hrafnseyri (erindi staðarhaldara hét „*Ferðasaga Maríu Jóhannesdóttur árið 1900. Gengið með kusu frá Suðureyri í Súgandafirði að Ósi í Bolungarvík*“) og Þóru Þórðardóttir, fyrrverandi kennari við Grunnskólann á Suðureyri, segja frá ömmum sínum.

Einnig má nefna að staðarhaldari hélt erindi á einni ráðstefnu til viðbótar á árinu, sem var „9. ráðstefnan um íslenska þjóðfélagsfræði“ sem var haldin 17. – 18. apríl á Ísafirði, þar sem staðarhaldari hélt fyrirlesturinn „*Kannanir – vald þeirra, siðfræði og þekkingaröflun*“

Í tilefni 10 ára afmælis Sumarháskólans á Hrafnseyri árið 2016, hafa Safn Jóns Sigurðssonar og prófessorsembætti Jóns Sigurðssonar ákveðið að halda vinnubúðir á Hrafnseyri fyrir masters- og doktorsnema á komandi sumri. Haft hefur verið samband við prófessor Gregory Seigworth við Millersville-háskólann í Pennsylvaníu, Bandaríkjunum Norður-Ameríku, en hann hefur nýverið staðið fyrir og skipulagt stóra ráðstefnu um hugtakið „Affect“, eða „Áhrif“, sem í auknu mæli er að ryðja sér til rúms sem einskona rannsóknarviðhorf innan ýmissa list-, félags- og hugvísinda í háskólum og öðrum rannsóknarstofnunum víðsvegar um heiminn. Óskar prófessor Seigworth eftir því að geta komið sjálfur og tekið þátt í að leiðbeina nemendum, og hefur jafnframt boðist til að útvega annað erlent rannsóknarfólk, vestan hafs sem austan, sem gæti tekið þátt í vinnubúðunum í gegnum „Skype“. Fyrirhugað er vinnubúðirnar „*Affect*“ og *rannsóknir*“ verði haldnar á Hrafnseyri 24. – 26. júní 2016.

Í tilefni afmælisins er einnig fyrirhugað að láta prenta lítinn bækling með upplýsingum um og yfirlit yfir ráðstefnur, málþing og námskeið sem haldin hafa verið á Hrafnseyri og annarsstaðar í tengslum við Sumarháskólann á Hrafnseyri.

Ýmislegt

Eins og fram hefur komið hér að framan var rafrænu eftirliti með húsakynnum á Hrafnseyri síðastliðinn vetur ábótavant og því var ákveðið að kaupa og setja upp þráðlaust öryggis- og hitastjórnunartæki sem byggir á SMS samskiptum. Rekstrarkostnaður er lítill þar sem hann byggist aðeins á sendum SMS skilaboðum. Dálítinn tíma tók að setja tækið upp og reyna það, en það reyndist vel síðari hluta ársins og hefur látið vita um leið og spennufall eða straumrof hefur orðið (en það hefur verið sjaldan, því veturinn hefur verið einstaklega mildur). Einnig

hefur verið haft samband við pósthátinn á Bíldudal sem siglir vikulega með pósti í Mjólkárveirjun og bátsverjar beðnir að líta eftir ljósum á Hrafnseyri.

Staðarhaldari er nú þátttakandi í umsókn vegna rannsóknarverkefnis sem sótt er um fjárveitingu fyrir í evrópskan rannsóknarjód, HERA (Humanities in the European Research Area). Verkefnið er undir stjórn prófessors Jóns Karl Helgasonar við Háskóla Íslands. Verkefnið kallast "*Cultural Saints: Canonizing Writers and Artists in the Making of Europe*". Þátttaka staðarhaldara í verkefninu fjallar um að byggja upp tengslanet fólks sem vinnur við varðveislu og kynningu á þjóðhetjum sínum.

Peter Weiss, forstöðumaður Háskólaseturs Vestfjarða óskaði eftir því við staðarhaldara að hann annaðist 5 manna hóp kennara frá landbúnaðarmentaskóla í Slóveníu sem kæmi í viku heimsókn í apríl 2016, en að í staðinn færi staðarhaldari til Slóveníu í nokkra daga í lok apríl og heimsækti söfn þar í landi og nágrannalöndum sem svipaði til Safns Jóns Sigurðssonar. Með slíkri heimsókn yrði mögulegt að stofna til tengsla við forstöðumenn þessara safna, samanber þátttöku staðarhaldara í HERA rannsóknarverkefninu sem nefnt er hér að framan. Staðarhaldari þáði þetta boð með þökkum og er undirbúningur verkefnisins í fullum gangi.

Englendingur að nafni Henry Fisher, sem fyrir nokkrum árum var nemandi við Háskólasetur Vestfjarða, fer á sumrin með göngufólk um sunnanverða Vestfirði. Hann hefur beðið um leyfi til að enda för sína á komandi ári á Hrafnseyri og dvelja þar með hópinn í fáeina daga. Um er að ræða listhneigt fólk sem notar gönguferðirnar sem „áhrifavald“ (affect) að listsköpun sinni, en Hrafnseyri og Arnarfjörðurinn eru kjörnir staðir fyrir listræna sköpun. Fisher hefur einnig látið í ljós áhuga á að planta trjám í landi Hrafnseyrar, en ekki hefur verið tekin afstaða til þeirra hugmynda.

Staðarhaldari tók hluta af lögbundnu leyfi sínu á tímabilinu 23. nóvember - 12. desember.

Fjármál

Málefni Hrafnseyrar heyra undir mennta- og menningarmálaráðuneyti sem ber ábyrgð á rekstri og fjárreiðum starfseminnar. Eins og fram kom í ársskýrslu ársins 2014 varð örlítill halli af rekstrarkostnaði þess árs, en markmið rekstursins á árinu 2015 var að sjálfsögðu að reksturinn yrði innan ramma fjárveitinga og tekna, samhliða því að hefðbundnum verkefnum yrði sinnt með verðugum hætti.

Við endanlegt uppgjör ársins 2015 varð ljóst að hefðbundinn rekstur starfseminnar á Hrafnseyri var í jafnvægi á árinu, þrátt fyrir aukin útgjöld m.a. vegna aukins launakostnaðar, viðhalds húsnæðis, o.fl., en ófyrirséður kostnaður vegna lagningar ljósleiðara til Hrafnseyrar og meðfylgjandi tenginga (einskiptiskostnaður að upphæð rúmlega 900 þú. kr.) varð til þess valdandi að halli varð á rekstrinum í heild. Í meðfylgjandi töflu má sjá helstu niðurstöður rekstrarþátta ársins í samanburði við sömu þætti síðustu ára:

	2011	2012	2013	2014	2015
Tekjur:					
Framlög, seldar vörur og þjónusta*	22.905.778	15.960.262	15.334.523	16.307.993	15.418.754
Gjöld:					
Safn Jóns Sigurðssonar	8.598.902	9.454.340	8.292.990	9.911.225	10.057.728
Þjóðhátíðardagur	7.220.258	732.501	584.000	831.775	748.156
Viðhaldskostnaður	2.083.898	595.810	894.894	1.016.750	2.098.693
Annar rekstrarkostn.	6.191.175	4.038.876	4.388.588	4.640.297	3.265.741
Fjármunahreyfingar:					
Tekjur / (- gjöld)	-236.609	0	0	0	0
NIÐURSTAÐA REKSTRAR:					
Hagnaður / (-Tapp)	-1.425.064	1.138.735	1.174.081	-92.054	-751.564

* Framlag til Hrafnseyrar skv. fjárlögum frá 2012 hefur verið 14,5 m.kr. ár hvert, en einnig hafa verið til ráðstöfunar fjármunir frá fyrri árum, tekjur af aðgangseyri og aðrar tekjur.

Lokaorð

Eins og minnst var á í upphafi skýrslunnar var vor og sumar kalt og því sennileg skýring á því að landsmenn sem komu á Hrafnseyri yfir sumarmánuðina voru færri en undanfarin ár. Hins vegar byrjuðu nokkrar ferðaskrifstofur að hafa viðkomu á Hrafnseyri með gesti úr erlendum skemmtiferðaskipum sem komu í Ísafjarðarhöfn. Gestirnir fóru skipulögðum ferðum að Dynjanda en komu við á Hrafnseyri í leiðinni, sem gerði það að verkum að heildarfjöldi gesta sem komu á staðinn var í meðallagi miðað við undanfarin ár, eða um það bil 5200 mans.

Á komandi ári verður vonandi hægt að ljúka ýmsum framkvæmdaþáttum á Hrafnseyri, sem unnið hefur verið að undanfarin ár. Má þar nefna að setja þarf upp handrið á safnhúsið, sem tekið var niður til viðgerðar fyrir 200 ára afmæli Jóns Sigurðssonar árið 2011. Einnig þarf að mála tréþallinn við burstabæinn og setja upp og leggja að nýju klósetti í kjallara safnhússins. Auk þess er kominn tími til að huga að girðingum kringum staðinn, og múrhúðun og málun íbúðarhúss að utan þarfnast endurnýjunar.

Rétt er að benda á að starfsemi Sumarháskólans var að miklu leyti fjármögnuð af prófessorsembætti Jóns Sigurðssonar, þar sem framlög til reksturs á Hrafnseyri gera ekki meira en að standa undir daglegum rekstri staðarins. Starfsemi á Hrafnseyri sem tengist t.d. ráðstefnuhaldi, námskeiðum og fleira, á því embætti prófessors Jóns Sigurðssonar mikið að þakka.

Í ljósi þessa er rík ástæða til að samstarf Hrafnseyrar og embættis prófessor Jóns Sigurðssonar verði sett í formlegri umgjörð en verið hefur t.d. með því að samið yrði um ákveðna árlega fjárhæð sem nota megir til sameiginlegra verkefna sem tengjast Hrafnseyri ár hvert. Slíkur samningur myndi auka festu í samskiptum aðila, og væri til þess fallinn að auka samstarfið enn frekar, jafnframt því sem hann yrði endurnýjaður reglulega. Mælt er með því að unnið verði að slíkum samningi á komandi ári.

Nú eru horfur á að Dýrafjarðargöng verði að veruleika innan 4-5 ára, þar sem þau fara í útboð á næsta ári. Við tilkomu ganganna verður komin upp allt önnur staða fyrir starfsemi Hrafnseyrar, en verið hefur undanfarin ár og ýmsir möguleikar opnast, enda verður þá ekki aðeins opið fyrir samgöngur á staðinn mestan hluta ársins, heldur verður Hrafnseyri miðsvæðis á Vestfjarðarkjálkanum. Sú staða getur gefið staðnum mikla möguleika til að verða miðstöð menningar og mennta á kjálkanum, og, því mikilvægt að huga sem fyrst á jákvæðan og metnaðarfullan hátt að hlutverki Hrafnseyrar í framtíðinni út frá þeim möguleikum sem göngin munu opna fyrir staðinn og nágrannabyggðarlögin.

Suðureyri 31. mars 2016.

Valdimar J. Halldórsson
Staðarhaldari.